

Fjárfestingarstefna Styrktarsjóða Háskóla Íslands var fyrst sett af stjórn sjóðanna í október 2002. Breytingar voru gerðar á henni 25. janúar 2005, leiðréttingar í apríl 2006. Í janúar 2008 voru breytingar gerðar á binditíma skuldabréfa og bætt við ákvæði um gengisvarnir. Í lok árs 2009 var fjárfestingarstefnan endurmetin í samræmi við stöðu á fjármálamörkuðum eftir bankahrun. Breytingarnar áttu sér stað í janúar 2010.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands

Fjárfestingarstefna

Þessi fjárfestingastefna var fyrst samþykkt á fundi stjórnar styrktarsjóða 22. október 2002. Breytingar voru samþykktar á fundi stjórnar styrktarsjóðanna 25. janúar 2005 Breytingar snéru í fyrsta lagi að hámarki og lágmarkivirkir og óvirkir stýringar og í öðru lagi að viðmiðunarvísitölu innlendra skuldabréfa og lauss fjár. Á 33. fundi stjórnar 25. apríl 2006, samþykkti stjórnin að gera breytingar á viðmiðunarvísitölum vegna hlutabréfa. Á 38. stjórnarfundi þann 24. janúar 2008 var ákveðið að auka meðaltímalengd skuldabréfa í 0-8 ár í stað 2-8 en viðmiðið verður eftir sem áður 5 ár. Þá var samþykkt að veita fjárvörsluáðilum heimild til að verja erlenda verðbréfaeign fyrir gengislækkun viðkomandi gjaldmiðla gagnvart krónunni. Á 48. stjórnarfundi þann 16. nóvember 2009 eru engar breytingar gerðar á hlutfalli innlána sem er 0% af safni sjóðsins. Hlutfall innlendra skuldabréfa hækkar úr 60% viðmiði í 75% viðmið. Hámark innlendra skuldabréfa er 90% af safninu og lágmark 60%. Hlutfall erlendra skuldabréfa helst óbreytt og er sem fyrr 0%. Hlutfall innlendra skuldabréfa breytist töluvert en það var 10%. Skv. breytingum á fjárfestingarstefnu er viðmið innlendra hlutabréfa 2% af heildarsafni styrktarsjóðanna. Hámarkið er 5% og lágmarkið 0%. Hlutfall erlendra skuldabréfa fer úr 30% í 23%. Hámark 35% og lágmark 10% af heildarsafni sjóða. Sjá töflu aftast í skjali. Önnur fjárfestingarstefna verður í gildi fyrir Íslandsbanka, þar sem samsetning eigna í þeirra vörslu hans er önnur en samsetning heildarsafns sjóðanna. Sjá viðauka nr. 1 – Forsendur og umræðupunktur vegna fjárfestingarstefnu þann 16.11.09.

1. Fjárfestingarstefna

Markmið Styrktarsjóða Háskólans er að ávaxta fjármuni styrktarsjóðanna á hagkvæman hátt og tryggja þeim bestu ávöxtun miðað við áhættu eins og hún er skilgreind með flökti ársávöxtunar. Fjárfestingarstefna safnsins tekur mið af eðli sjóðanna sem langtímafjárfestis með mjög hóflegum útgreiðslum.

Kennitölur og viðmið í fjárfestingastefnu fyrir Styrktarsjóði Háskóla Íslands					
			Hlutfall	Hámark	Lágmark
Ávöxtunartími	+ 20 ár				
Arðsemiskrafa, raunávöxtun	7%				
Áhætta, flökt ávöxtunar	6%				
Fjárfestingastefna					
Innlend skuldabréf			75%	90%	50%
Erlend skuldabréf			0%	15%	0%
Innlend hlutabréf			2%	5%	0%
Erlend hlutabréf			23%	35%	10%
Eignastýringaraðferð					
Virk stýring			50%	60%	0%
Hlutlaus stýring			50%	100%	0%
Ávöxtunarviðmið					
Innlend skuldabréf og laust fé – samsett viðmiðun					
ICEX 1Y, óverðtryggð skuldabréf binditími 1 ár		12%			
ICEX 5Y, Óverðtryggð skuldabréf, binditími 5 ár		24%			
ICEX 10Y, Verðtryggð skuldabréf, binditími 10 ár		24%			



Fjárfestingarstefna Styrktarsjóða Háskóla Íslands var fyrst sett af stjórn sjóðanna í október 2002. Breytingar voru gerðar á henni 25. janúar 2005, leiðréttingar í apríl 2006. Í janúar 2008 voru breytingar gerðar á binditíma skuldabréfa og bætt við ákvæði um gengisvarnir. Í lok árs 2009 var fjárfestingarstefnan endurmetin í samræmi við stöðu á fjármálamörkuðum eftir bankahrun. Breytingarnar áttu sér stað í janúar 2010.

	Erlend skuldabréf í ISK	JPMGGLBL*	0%		
	Innlend hlutabréf	ICEX-15 TR	10%		
	Erlend hlutabréf í ISK	MSCITR **	30%		
	* JP Morgan Global Government Bond Index – Total return - ISK				
	** MSCI World Free Total return – ISK				

Fjármunir sjóðsins skulu ávaxtaðir með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Fjárfestingarstefna þessi gildir fyrir Styrktarsjóði HÍ sem heild, en í gildi er sérstök fjárfestingarstefna fyrir fjárvörsluaðila sjóðanna, þ.e. Íslandsbanka og þá fjármuni sem þeir hafa í sinni umsjón. Sjá Viðauka nr. 1 – Forsendur og umræðupunktur vegna fjárfestingarstefnu þann 16.11.09 sbr. fundargerð 48. stjórnarfundar.

Fjárvörsluaðila er ætlað að ná ávöxtun umfram viðmiðunarvísitölur með virkri stýringu sem hér segir:

Meðaltími skuldabréfa skal vera 0-8 ár

- Skuldabréf skulu vera skráð í Kauphöll Íslands eða á sambærilegum erlendum verðbréfamarkaði. Óheimilt er að fjárfesta í óskráðum skuldabréfum s.s. fasteignaveðbréfum, víxlum eða öðrum óskráðum bréfum. Heimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum sem fjárfesta í fyrirtækjaskuldabréfum en slík eign skal ekki veða meira en 1/2 af þeim hluta sem er í skuldabréfum.
- Innlend hlutabréf skulu vera skráð í Kauphöll Íslands.
- Erlend hlutabréf skulu skráð í erlendum kauphöllum innan OECD.
- Heimilt er að fjárfesta í stökum hlutabréfum en eitt einstakt félag skal aldrei veða meira en 10% af heildarvægi viðkomandi flokks.
- Engin ein fjárfesting skal veða meira en 15% af safninu í heild að undanskildum skuldabréfum með ríkisábyrgð.
- Heimilt er að verja erlenda verðbréfaeign fyrir gengislækkun viðkomandi gjaldmiðla gagnvart krónunni.

2. Viðmiðun

Viðmiðun safnanna er samsett í fyrrgreindum vísitölum eins og þær reiknast í ISK.

3. Uppgjör og upplýsingagjöf

Gengi Styrktarsjóða Háskólans skal reiknað mánaðarlega sem og gengi viðmiðunarvísitalna. Upplýsingar um verðmæti eigna og eignasamsetningu skulu vera aðgengilegar á netinu með aðgangsstýringu. Ársfjórðungslega skal stjórn sent uppgjör með sundurliðun á ávöxtun og samanburði við viðmið.

4. Árangursmat

Í árslok ber fjárvörsluaðili ávöxtun og áhættu saman við viðmið fyrir undangengið ár og undangengin 2 ár. Fjárvörsluaðili leggur mat á hvort hann telji að tilgangi virkrar stýringar hafi verið náð og hvort virk áhætta hafi skilað viðunandi virkri ávöxtun m.v. fjárfestingastefnu. Slíkri samantekt skal skila til stjórnar Styrktarsjóðanna árlega fyrir janúarlok.

5. Endurmat á fjárfestingarstefnu

Stjórn styrktarsjóða Háskólans endurmetur fjárfestingarstefnu sjóðanna árlega í ljósi árangurs fjárvörsluaðila og stöðu á fjármálamörkuðum.

Samkomulag milli Styrktarsjóða Háskólans og fjárvörsluaðila skal vera ótímabundið með tveggja vikna uppsagnarfresti af beggja hálfu.

Fjárfestingarstefna Styrktarsjóða Háskóla Íslands var fyrst sett af stjórn sjóðanna í október 2002. Breytingar voru gerðar á henni 25. janúar 2005, leiðréttingar í apríl 2006. Í janúar 2008 voru breytingar gerðar á binditíma skuldabréfa og bætt við ákvæði um gengisvarnir. Í lok árs 2009 var fjárfestingarstefnan endurmetin í samræmi við stöðu á fjármálamörkuðum eftir bankahrún. Breytingarnar áttu sér stað í janúar 2010.

Tafla – Breytingar á fjárfestingarstefnu í jan. 2010

Eignaflokkur	- nov 09	Ný		
	Hlutfall	stefna	max	min
Innlán	0%	0%		
Skuldabréf				
Innlend	60%	75%	90%	60%
Erlend	0%			
Hlutabréf				
Innlend	10%	2%	5%	0%
Erlend	<u>30%</u>	<u>23%</u>	35%	10%
	100%	100%		